



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak (703. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Með ofangreindu frumvarpi eru lögð til ný heildarlög um verslun með áfengi og tóbak. Viðskiptaráð tekur undir að ástæða er fyrir hendi til að endurskoða þá löggjöf sem er í gildi, sem er bæði komin til ára sinna og hefur tekið margvíslegum breytingum. Það er því þörf á að endurskoða löggjöfina í samræmi við breytta tíma og til samræmis við aðra löggjöf á þessu sviði.

Síðastnefnda atriðið er þó nokkuð sem staldra verður við áður en farið verður í umfjöllun um ofangreint frumvarp. Mikill skortur er á að löggjöf sé almennt samræmd eða að samstarf sé haft um málefni sem tengjast með beinum hætti. Sem dæmi um þetta má nefna að til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd er frumvarp til laga um breytingar á áfengislögum, 705. þingmál. Full ástæða hefði verið til að fjalla um þessi mál í samhengi við hvort annað enda tengjast þau með beinum hætti.

Það verður því að gera athugasemd við meðferð mála á þessu sviði og skort á samstarfi. Þessu til stuðnings má vísa til þess að í greinargerð með ofangreindu frumvarpi er vitnað í áfengisstefnu stjórnvalda sem ekki hefur verið samþykkt enn. Umfjöllun er ekki lokið um það mál og hefur það ekki fengið afgreiðslu frá ríkisstjórn, því kemur það spáskt fyrir sjónir að breytingar á ofangreindu frumvarpi séu byggðar á slíkri stefnu. Áfengisstefna stjórnvalda er mikilvæg stefnuyfirlýsing sem verður að vinna vel í samstarfi við alla þá aðila sem hagsmuni hafa þar að. Vegna skorts á samstarfi má ætla að stefnan hafi ekki fengið þá afgreiðslu sem nauðsynleg er til að sátta um hana ríki og vel sé að henni staðið. Til að mynda virðist sem svo að þeir aðilar sem hagsmuni hafa að gæta og vinna á þessu sviði hafi ekki verið kallaðir til vegna vinnu hennar. Erfitt er að sjá að þessi vinnubrögð séu í samræmi við handbók um undirbúning og fráganga lagafrumvarpa, sem ráðuneytin eiga að hafa í heiðri í sinni vinnu. Mikilvægt er að umræða fari fram um heildstæða stefnu stjórnvalda í áfengismálum og hún mörkuð áður en breytingar á mismunandi lagabálkum eru settir fram eins og nú hefur verið gert.

Umfjöllun, hvort sem er á í formi lagabreytinga eða stefnumörkunar, verður að vera gerð út frá heildarmyndinni. Á það skortir verulega í meðferð mála á þessu sviði og ber þetta frumvarp þess merki. Betur hefði mátt bíða með afgreiðslu þessa máls þar til vinnu við heildarstefnu væri lokið og endurskoðun tekin út frá því.

Viðskiptaráð vill vísa því til nefndarinnar að unnið sé að heildarstefnu stjórnvalda í áfengismálum áður en heildarendurskoðunar laga um verslun með áfengi og tóbak er tekin fyrir.

Í umfjöllun í greinargerð kemur fram að unnið sé út frá þremur þáttum í breytingum laganna, samfélagslegri ábyrgð ÁTVR, vöruvalsreglum og heimild ÁTVR til að hafna vörum á grundvelli sjónarmiða sem koma fram í vöruvalsreglum.

Enn og aftur kemur hér að þeirri heildarstefnu sem verður að marka í málefnum áfengismála hér á landi. Breytingar sem lagðar eru til verða að vera í samræmi við slíka stefnu, hvort sem litið er til frumvarpa sem þessa eða skattalegra breytinga. Samfélagsleg ábyrgð ÁTVR hlýtur að vera liður í þessari heildarmynd og því unnin út frá öðrum aðgerðum sem stefna að sama marki. Á meðan stjórnvöld vinna ekki að þessu marki heilshugar eru aðgerðir ÁTVR í ljósi slíkrar ábyrgðar lítivægar.


Endurskoða þarf skattaleg markmið ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og þá er sérstaklega vísað til þeirra breytinga sem aukin skattlagning hefur leitt af sér. Dregið hefur úr sölu á áfengis í verslunum ÁTVR og borið hefur meira á ólöglegri bruggstarfsemi¹. Þetta getur ekki á nokkurn hátt samrýmst þeirri samfélagslegu ábyrgð sem í frumvarpinu er vísað til.

Í þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir hjá nefndum Alþingis er það sammerkt að fjallað er um breytingar á vinnmenningu og er þeim er ætlað að stuðla að því. Ekki verður hins vegar séð hvernig þær breytingar sem í frumvörpunum felast stuðli að slíkri breytingu á vinnmenningu. Stefnan hlýtur að vera að koma vinnmenningu í form léttrar neyslu og þá sérstaklega með mat en draga úr harðri neyslu sterks áfengis. Hvorki þau boð, bönn eða takmarkanir sem finna má í þingmálum 703 og 705, né þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattalögum stuðla að þessari þróun. Ekkert er það í þessum breytingum sem hvetur til þess að dregið verði úr neyslu á sterku áfengi og það léttara tekið upp sem valkostur þar fram yfir. Hlýtur það að eiga vera liður í bættri vinnmenningu. Það verður því að hvetja til aukinnar umræðu milli aðila, og þá einnig meðal hagsmunaaðila, um þetta mál.

Að lokum vill Viðskiptaráð ítreka fyrri afstöðu sína um að gefa eigi verslun með áfengi frjálssa. Með því er ekki teft í tvísýnu þeim markmiðum sem eiga að nást samkvæmt fyrirhugaðri áfengisstefnu stjórnvalda. Með skýru og afmörkuðu regluverki, öflugum heilsuverndarsjónarmiðum og hörðum viðurlögum við brotum verður ekki séð hvernig einkaaðilar eru á nokkurn hátt verr settir með sölu á áfengi en sú stofnun sem nú stendur að sölu. Í þessu samhengi vill ráðið vísa til skoðunar sem gefin var út árið 2007 undir heitinu Breytingar á áfengislöggjöf tímabærar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá t.a.m. könnun Félags atvinnurekenda frá því í nóvember 2010